

ingunni skal fresta og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Frá hinum óskilorðsbundna hluta refsingarinnar dragist gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 25. apríl til 3. maí 1985 að fullri dagatölu.

Ákæra A sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærða G sæti fangelsi í 2 mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal fresta og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Ragnar greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 50.000,- krónur í málsvarnarlaun.

Ákærðu, M, A og G, greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, 50.000,00 krónur í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, greiði ákærðu sem hér segir: Ákærði Ragnar að 3/7 hlutum, ákærða M að 2/7 hlutum, ákærða A að 1/7 hluta og ákærða G að 1/7 hluta.

Fimmtudaginn 13. nóvember 1986.

Nr. 263/1985. **Ólafur Gíslason & Co. h/f**

(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)

gegn

Protabúi Vörðufells h/f

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1985. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir báðum dómum. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn niður falla í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar héraðsdóms og að ársvextir verði 22% til 1. mars 1986, en 13% frá þeim degi til 1. apríl 1986 og 9% frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á að rifta eigi samningi frá 19. mars 1984 milli áfrýjanda og Vörðufells h/f um afhendingu bifreiðanna X 5857 og X 5858 upp í dóm-skuld. Fjárkröfu stefnda er ekki andmælt tölulega. Vaxtakröfunni er ekki heldur mótmælt. Verður héraðsdómurinn því einnig staðfestur að því er varðar fjárgreiðslur áfrýjanda til stefnda, sbr. 62. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, þó með þeirri breytingu sem leiðir af lækkun vaxtakröfunnar hér fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað. Ber að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms, en málskostnaður fyrir Hæstarétti þykir hæfilega ákveðinn 57.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Samningi áfrýjanda, Ólafs Gíslasonar & Co. h/f, og Vörðufells h/f frá 19. mars 1984 um afhendingu 2 bifreiða, sem þá báru skráningarnúmerin X 5857 og X 5858, er rift.

Áfrýjandi greiði stefnda, þrotabúi Vörðufells h/f, 280.000,00 krónur með 15% ársvöxtum frá 19. mars 1984 til 11. ágúst s.á., 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl s.á., og 9% frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 57.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. október 1985.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 13. mars 1985.

Stefnandi málsins er Viðar Már Matthíasson, héraðsdómslögmaður í Reykjavík sem skiptaforstjóri í þrotabúi Vörðufells h/f, nafn. 9342-9710, Hörðuvöllum 1, Selfossi.

Stefndi er Ólafur Gíslason & Co. h/f, nafn. 6755-9762, Klettagörðum 3, Reykjavík.

Í málinu gerir stefnandi svofelldar kröfur:

„1. Að rift verði með dómi greiðslu skuldar Vörðufells h.f. við stefnda að fjárhæð kr. 280.000,00, sem fram fór þann 19.3. 1984 með afhendingu á bifreiðunum X-5857 og X-5858 af gerðinni Lada station árgerð 1982.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 280.000,00 með 19% ársvöxtum frá 19.3. 1984 til 1.1. 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1985, en með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

3. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.“

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins, en verði sýknukrafan ekki tekin til greina er þess krafist að vaxtafótur verði lækkaður og málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttaumleitarnir af hálfu réttarins hafa ekki borið árangur.

Á skiptafundi í þrotabúinu sem haldinn var 8. febrúar 1985, þar sem fjallað var um riftun á tilgreindum ráðstöfunum Vörðufells h/f, var m.a. gerð svofelld samþykkt:

„Jafnframt samþykkir fundurinn að ef á riftun verði fallist, geti sá sem riftun beinist gegn komið upphaflegri kröfu sinni að við skipti.“

Við hinn munnlega málflutning var því lýst yfir af stefnanda að ofangreind samþykkt sé í fullu gildi að því er stefnda varðar ef dómkröfur stefnanda í máli þessu verða teknar til greina.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Vörðufell h/f var stofnað á árinu 1969. Það rak umfangsmikla verktaka-
starfsemi hér á landi.

Stefnandi kveður Vörðufell h/f hafa komist í umtalsverða greiðsluerfiðleika á árinu 1983 og verkefnaskortur hafi hrjáð félagið einkum á síðari hluta ársins. Í atvinnurekstri sínum hafi Vörðufell h/f m.a. átt viðskipti við stefnda. Vörðufell h/f hafi ekki staðið í skilum við lánadrottna og aðra

viðskiptaaðila frá því á fyrri hluta ársins 1983. Hafi félagið komist í alvarleg vanskil m.a. við stefnda og skuldað honum umtalsverðar fjárhæðir. Stefndi hafi knúið mjög á um greiðslu skuldarinnar og hafi lögmaður stefnda byrjað innheimtuaðgerðir á haustmánuðum 1983. Hér hafi verið um að ræða fjóra víxla samtals að fjárhæð kr. 197.119,50. Þrír víxlanna hafi haft gjalddaga í júní 1983 en einn hafi verið með gjalddaga í júlí 1983. Víxlana hafi Vörðufell h/f afhent stefnda vegna kaupa félagsins á sprengiefni hjá stefnda. Framvinda innheimtuaðgerða lögmanns stefnda hafi verið sú að stefndi höfðaði dómsmál á hendur Vörðufelli h/f og hafi málið verið þingfest 13. október 1983 og ígildi dóms, áritun á áskorunarstefnu, gengið 21. október 1983. Fjárnám hafi verið gert 18. nóvember 1983 í bifreiðunum X-5857 og X-5858 af gerðinni Lada station árgerð 1982, eign Vörðufells h/f, til tryggingar skuldinni. Með bréfi dagsettu 2. desember 1983 hafi lögmaður stefnda óskað uppboðs á bifreiðunum á grundvelli aðfarargerðarinnar og síðan óskað eftir vörslusviftingu, en hins vegar hafi uppboðssala ekki farið fram. Niðurstaðan hafi svo orðið sú að krafa stefnda hafi verið greidd af Vörðufelli h/f með afhendingu nefndra bifreiða þann 19. mars 1984. Hafi verið gefið út afsal fyrir bifreiðunum sama dag. Í afsalinu segir m.a. svo:

„Vörðufell h.f.,..... selur hér með og afsalar Ólafi Gíslasyni og Co. h.f., bifreiðunum X-5857 og X-5858, sem báðar eru af gerðinni LADA-station, árgerðir 1982.

Á báðum bifreiðunum hvílir eitt fjárnám að höfuðstól kr. 197.119,50 frá 18/11 1983 og er þetta skuld Vörðufells h.f. við Ólaf Gíslason & Co. h.f. en hún nemur nú alls um kr. 302.000,00.

Bifreiðarnar eru hvor um sig metin á kr. 140.000,00, og teljast því alls greiðsla á kr. 280.000,00 upp í ofangreinda skuld.“

Stefnandi bendir á að einungis hálfum mánuði eftir að afsal var út gefið hafi þess verið óskað af fyrirsvarsmönnum Vörðufells h/f við skiptaráðandann í Árnassýslu að veitt yrði heimild til greiðslustöðvunar og hafi beiðni þar um verið árituð um framlagningu í skiptarétti þann 6. apríl 1984. Heimild til greiðslustöðvunar hafi verið veitt þann 13. apríl 1984 og eftir að hafa verið framlengd tvívegis hafi henni lokið endanlega þann 13. september 1984, en þann dag hafi í skiptarétti í Árnassýslu verið kveðinn upp úrskurður þess efnis, að bú Vörðufells h/f skyldi tekið til gjaldþrotaskipta þá þegar.

Stefnandi heldur því fram að sú ráðstöfun af hálfu Vörðufells h/f að greiða stefnda kröfuna með afhendingu bifreiðanna X-5857 og X-5858 hafi verið ólögmat, enda sé greiðslueyrir óvenjulegur og greiðslan fjarri því að vera venjuleg eftir atvikum. Þar sem greiðslan hafi farið fram einungis hálfum mánuði áður en leitað var eftir heimild til greiðslustöðvunar sé stefn-

anda heimilt að rifta greiðslu skuldarinnar sbr. 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 sbr. og a-lið, 1. mgr. 1. gr. og 58. gr. nefndra laga.

Með því að stefndi hafi hvorki sinnt ítrekuðum áskorunum stefnanda um skil á bifreiðunum né heldur um endurgreiðslu á andvirði þeirra beri að fallast á riftunarkröfu stefnanda og dæma stefnda til að greiða andvirði bifreiðanna samtals kr. 280.000,00 ásamt vöxtum og málskostnaði, sbr. 62. gr. laganna.

Þá kveðst stefnandi einnig byggja sjálfstætt á því að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um hina miklu fjárhagsörðugleika Vörðufells h/f, og jafnframt ljóst að þeir fengju ekki fullnustu kröfunnar með örðum hætti en þeim að taka bifreiðarnar sem greiðslu. Þess vegna sé greiðsla skuldarinnar stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa með þeim hætti að ótilhlýðilegt verði að teljast, sbr. 61. gr. gjaldþrotalaganna.

II.

Af hálfu stefnda er á það bent að ástæðan fyrir því að stefndi tók bifreiðarnar sem greiðslu upp í dómskuldina hafi verið eindregnar óskir forsvarsmanna Vörðufells h/f til lögmanns stefnda um það að koma í veg fyrir hugsanlegt tjón Vörðufells h/f við það að láta selja bifreiðarnar á nauðungaruppboði. Þeir hafi óttast að í uppboðssölu fengist aðeins lágt verð fyrir bílana. Hafi þeir talið að hag Vörðufells h/f væri betur borgið með því að selja stefnda bílana á markaðsverði. Reyndin hafi og orðið sú, að það hafi verið hagur fyrir Vörðufell h/f að selja bílana eins og gert var heldur en að láta selja þá á nauðungaruppboði fyrir lítið verð.

Því er alfarið mótmælt af hálfu stefnda að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um hina miklu fjárhagsörðugleika Vörðufells h/f, þegar gengið var frá uppgjöri á skuldinni. Formaður stjórnar Vörðufells h/f, sem jafnframt var framkvæmdastjóri, hafi auk þess tjáð lögmanni stefnda að erfiðleikar í lausafjárstöðu fyrirtækisins myndu leysast að fullu, þegar greiðslur fengjust fyrir tvö stór og þegar framkvæmd verk sem fyrirtækið hafði unnið fyrir RARIK og SÁÁ.

Riftunaregla 61. gr. gjaldþrotalaganna eigi því alls ekki við, en stefnanda beri að sanna að atvik hafi verið með þeim hætti að 61. gr. eigi við.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda að það sé alls ekki óvenjulegt á sviði stærri verktaka að selja tæki sín þegar sérstaklega standi á með verk og lausafjárstöðu verktakanna.

Af hálfu stefnda er einnig lögð á það áhersla að miðað við þær aðstæður, sem ríktu í innheimtumáli stefnda gegn Vörðufelli h/f um áramótin 1983/1984, þ.e. að tvívegis hafi lögmaður stefnda nánast verið kominn með umræddar bifreiðar undir uppboðshamarinn, sé ljóst að greiðsla Vörðufells h/f á skuldinni með bifreiðunum hljóti að teljast „venjuleg eftir atvikum“,

sbr. niðurlag 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaganna. Ekki hafi verið greitt fyrr en eðlilegt var, ekki hafi greiðslan ráðið úrslitum um gjaldfærni Vörðufells h/f og ekki hafi verið um að ræða óvenjulegan greiðslueyri miðað við aðstæður. Beri því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Að því er varðar varakröfuna er því haldið fram af hálfu stefnda að svo mikil vafaatriði séu í málinu að rétt sé að láta málskostnað falla niður. Þá mótmælir stefndi vaxtakröfu stefnanda sem of hárrí.

Við hinn munnlega málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnda að aðild stefnanda væri ekki vefengd.

III.

Afsal Vörðufells h/f um sölu bifreiðanna til stefnda var gefið út 19. mars 1984. Með bréfi dagsettu 29. mars 1984 óskaði Vörðufell h/f eftir greiðslustöðvun sem veitt var með úrskurði skiptaréttar Árnassýslu þann 13. apríl 1984. Óumdeilt er að heimild til greiðslustöðvunar hafi verið framlengd tvívegis og henni lokið með því að bú Vörðufells h/f var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 13. september 1984. Beiðnin um greiðslustöðvun var lögð fram í skiptarétti 6. apríl 1984. Telst sá dagur því frestdagur í skilningi 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Upplýst er í málinu að Vörðufell h/f hafi átt viðskipti við stefnda allt frá því að Vörðufell h/f hóf verktakastarfsemi eftir stofnun á árinu 1969.

Vörðufell h/f hafði ekki áður greitt skuldir sínar við stefnda með því að selja honum bifreiðar eða önnur tæki.

Þegar skuldaskilin fóru fram átti Vörðufell h/f ekki reiðufé til greiðslu skuldarinnar.

Formaður stjórnar og framkvæmdarstjóri Vörðufells h/f lýsti því yfir í skiptarétti Árnassýslu 26. september 1984, að fyrirvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um slæma fjárhagsstöðu Vörðufells h/f þegar bifreiðunum var afsalað.

Gegn andmælum stefnda hefur stefnandi þó ekki sannað að skilyrði samkvæmt 61. gr. gjaldþrotalaganna til riftunar séu fyrir hendi.

Fallast ber hins vegar á með stefnanda að greiðsla Vörðufells h/f á skuld sinni við stefnda með því að afsala honum tveimur bifreiðum til lúkningar á skuldinni hafi verið eins og á stóð óvenjulegur greiðslueyrir í skilningi 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Greiðslan fór fram innan 6 mánaða frestsins sem um ræðir í greininni. Grandsemi fyrirvarsmanna stefnda skiptir ekki máli hér að því er varðar riftun samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 54. gr. laganna.

Þá geta hugmyndir fyrirvarsmanns Vörðufells h/f um hugsanlegt söluverð bifreiðanna á nauðungaruppbóði engu skipt um úrslit málsins.

Taka ber því til greina kröfu stefnanda um riftun á greiðslunni sem fram

fór með afsali bifreiðanna, sbr. 1. mgr. 54. gr. gjaldprotalaganna og ber að dæma stefnda samkvæmt 62. gr. laganna til að greiða stefnanda kr. 280.000,00 með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 57.000,00.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafur Gíslason og Co h/f, greiði stefnanda, þrotabúi Vörðufells h/f, kr. 280.000,00 með 15% ársvöxtum frá 19. mars 1984 til 11. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985 og með 22% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 57.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13.nóvember 1986.

Nr. 247/1984. **Ketill Hlíðdal Jónasson**

(Ingólfur Hjartarson hdl.)

gegn

Birni Ómari Jónssyni og

Sigríði Benný Björnsdóttur

(Gylfi Thorlacius hrl.)

Samningar. Sameignarfélag. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. desember 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. nóvember s.á. Hann krefst þess aðallega, að stefndu verði gert skylt að þola ógildingu á kaup-